


Fréttabréf

1.tbl.19.árg. janúar 2024



LESTUR

Þegar börn fá tækifæri til að lesa með og ræða við fullorðinn aðila sem er reyndur lesari og býr yfir meiri þekkingu, styður það við möguleika barnsins að tileinka sér þá hæfni sem er m.a. fólgin í því að nýta sér ritaðan texta til upplýsingaöflunar. Sú hæfni nýtist barninu þá einnig í sjálfstæðum lestri, þ.e. þessi ígrundun verður eðlilegur hluti af því að lesa. Fyrir þau börn sem eiga erfitt með lestur er stuðningur fullorðinna ómetanlegur og forsenda þess að ná árangri.


**Gleðilegt nýtt ár og
takk fyrir allar
samverustundirnar á
árinu sem er að líða.**

Dans


Nú er dansvika hjá Jón Pétri sem er hjá okkur núna en við ljúkum með danssýningu líkt og áður föstudaginn 19. janúar kl. 12:30 – 13:30 í Íþróttahúsinu.

Foreldradansleikur verður fimmtudaginn 18. desember n.k. fyrir 8. – 10. bekk í Sindrabæ, foreldrum er boðið í dans á fyrri hluta dansleiksins.

Leiðir til foreldra til að ýta undir vaxandi hugarfar hjá börnunum sínum



Leiðsagnarnám



Leiðsagnarnámið er farið af stað hjá okkur og eru áherslur á námsveggi nemenda og kennara í janúar. Næst förum við í að vinna með námsfélaga í febrúar og mars. Samfara því erum við að vinna með tengslakannanir og fylgja eftir félagsfærni nemenda. Uppeldi til ábyrgðar rímar við leiðsagnarnámið og verður það unnir áfram með nemendum.